

Guðríður Þorvarðardóttir
Umhverfissráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 17. febrúar 2011
2011010019/41-2
TB/SE
jgo/tb

Tillaga að friðlýsingu Berserkjahrauns

Vísað er til tölvupósts frá umhverfissráðuneytinu, dags. 14. janúar sl., þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu Gunnars Njálssonar að friðlýsingu Berserkjahrauns á norðanverðu Snæfellsnesi.

Eins og kemur fram í erindi umhverfissráðuneytisins hefur Náttúrufræðistofnun bent á í skýrslu stofnunarinnar NÍ-02016, Verndun tegunda og svæða, Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna Náttúruverndaráætlunar 2002, að vernda beri það sem í skýrslunni er nefnt svæði 6 Grundarfjörður-Hraunsfjörður, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Tillagan, sem nær að hluta inn á Berserkjahraun, miðast fyrst og fremst að því að vernda svæðið vegna fjölbreytts fuglalífs en svæðið er mikilvægur viðkomustaður farfugla s.s. margæsar og rauðbrystings. Einnig er á svæðinu við botn Kolgrafafjarðar og í Hrafnkelsstaðabotni að finna gróður sem er frekar fátíður á Snæfellsnesi.

Berserkjahraun er vestast þeirra hrauna sem runnið hafa frá Ljósufjallagosrein á nútíma en gosreinin teygir sig til allt austur til Grábrókar í Norðurárdal. Berserkjahraun hefur myndast í þremur gosum. Fyrst gaus í Kothraunskúlu og rann hraun frá henni í átt til Hraunsvíkur. Mikið af ösku og vikri barst yfir næsta nágrenni gígsins. Eftir að gosinu í Kothraunskúlu lauk hófst gos í Rauðukúlu og Smáhraunskúlu en óvíst er hve langur tími leið á milli gosanna. Hraunið rann að Selvallavatni og norður í Hraunsvík. Síðast gaus í Gráukúlu. Hraunið féll til suðurs og vesturs og náði í sjó fram í Hraunfirði og myndaði tanga út í Selvallavatn.

Talið er að hraunin séu rúmlega 4000 ára gömul en nákvæmur aldur ekki þekktur né heldur hve langur tími leið á milli einstakra gosa. Kothraunskúla, Gráakúla og Rauðakúla eru dæmigerðar fyrir hraungíga frá nútíma á Snæfellsnesi, háir og glæsilegir gjallgígar sem úr fjarska líta út sem fremur reglulegar gjallhrúgur, en hafa við nánari skoðun skýra og fallega gíglögun. Nokkrar skemmdir eru í hrauninu og um það liggja nýjar og gamlar þjóðleiðir. Í gígum í Smáhrauni, Smáhraunskúlu (?), hefur verið efnistaka.

Náttúrufræðistofnun Ísland hefur ekki lagt sérstakt mat á verndargildi Berserkjahrauns með samanburði við önnur svæði út frá t.d. jarðfræði, landslagi og útivist umfram það sem kemur fram hér að framan. Gígar og hraunið sjálf njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr.




44/1999 og ljóst er að bæði þarf að stöðva alla frekari röskun í hrauninu og skoða má hvort ekki megi laga og endurheimta eins og hægt er svæði þar sem efnistaka hefur farið fram.

Náttúrufræðistofnun telur að vernda eigi bæði hraun og gíga sbr. sérstaka vernd skv. 37. gr. náttúruverndarlaga og að tryggja beri þá vernd formlega með einhverjum hætti svo ekki verði af frekari röskun gíga og hrauna. Stofnunin telur jafnframt að skoða þurfi með hvaða hætti og að hvaða markmiðum skuli stefnt ef svæðið verður verndað sem heild. Ljóst er að sum svæði er ástæða til að vernda sem búsvæði fyrir fugla og plöntur (sbr. friðlýsingartillögur), önnur sem náttúruvætti og stærri heildir jafnvel sem fólkvang. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf því að fara í nokkra vinnu við að greina og skýra markmið hugsanlegrar friðlýsingar m.t.t. til verndarhagsmuna á lands- og staðarvísu.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

